

um breyting á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna skal vera:

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

7. gr.

Rétt til að kalla sig byggingafræðinga (byggningskonstruktör) hafa hér á landi þeir einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

8. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnáðarprófi í byggingafræði frá byggingafræðilegum æðri skóla, sem Byggingafræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig byggingafræðinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, nr. 44 3. apríl 1963, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 44 3. apríl 1963 voru lög nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga endurnýjuð og m. a. breytt þannig, að starfsheitið „iðnfræðingur“ var fellt niður og tekið upp nýtt, „tæknifræðingur (ingeniör)“, sem starfsheiti þeirra, sem lokið hefðu fullnaðarprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Er að því kom að framkvæma hin nýju ákvæði, kom upp ágreiningur milli Tæknifræðingafélags Íslands og nokkurra manna, sem fengið höfðu leyfi ráðuneytisins til að kalla sig iðnfræðinga samkvæmt lögum nr. 24/1937, en höfðu ekki lokið prófi frá „teknikum“, heldur frá Köbenhavns Bygmesterskole, sem frá 1959 heitir byggningskonstruktörskolen og nú Byggeteknisk Hójskole og er nú 3½ árs skóli.

Menntunarheiti það, sem teknikum-skóli veitir á Norðurlöndum er „ingeniör“, en „konstruktör“ hjá þeim, sem lokið hafa prófi frá síðarnefnda skólanum.

Við athugun á námi þessara tveggja hópa sýnist aðallega vera um þann mun að ræða, að „konstruktör“ stendur nær arkitekts- en verkfræðingsstarfinu, en „ingeniör“ öfugt.

Hefur Tæknifræðingafélag Íslands haldið fast við, að þessi mismunur á náms-efni og starfsviði valdi því, að þessum tveimur hópur hæfi ekki sama starfsheitið.

Þar sem iðnfræðingsheitið er fallið niður sem lögvarið starfsheiti, njóta umræddir menn, sem lokið hafa prófi í byggingafræði og áður báru iðnfræðingsstarfsheiti, engrar slíkrar verndar lengur. Hefur þetta þegar orðið þeim til ýmiss konar óþæginda í starfi og gert aðstöðu þeirra, t. d. til að öðlast viðurkenningu byggingarnefnda, lakari en ella.

Nú hafa þessir menn stofnað Byggingafræðingafélag Íslands og mælt til að fá starfsheitið byggingafræðingur lögvarið fyrir sig og þá, sem ljúka sams konar námi. Væri þá komið á hér á landi hliðstætt starfsheitakerfi og á hinum Norðurlöndunum.

Tæknifræðingafélag Íslands mun fyrir sitt leyti meðmælt þessari lausn á málinu. Er frumvarp þetta flutt til að koma á umræddu starfsheitakerfi hér á landi.